

Útgáfa: 23.maí 2016

YTRI NEYÐARÁÆTLUN FYRIR NORÐURÁL Á GRUNDARTANGA

INNGANGUR

Ytri neyðaráætlun segir til um neyðaraðgerðir utan athafnasvæðis Norðuráls á Grundartanga vegna mögulegra stórslysa eða annarar hættu sem stafað geta frá starfsemi álversins og ógnað geta umhverfi og utanaðkomandi aðilum.

Rekstraraðili

Norðurál Grundartangi ehf.
Grundartanga
301 Akranes
S: 430 1000
Faxnúmer: 430 1001
Netfang: nordural@nordural.is
kt. 570297-2609

Aðgerða- og vettvangsstjórn í héraði

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands, fulltrúa slökkviliðs svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. Aðgerðastjórn starfar í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð í Reykjavík.

Aðgerðastjóri

Lögreglustjórinn á Vesturlandi eða sá sem hann tilnefnir stýrir aðgerðum þegar almannavarnaástand ríkir á því svæði sem ytri neyðaráætlun tekur til. Hann ásamt slökkviliðsstjóranum á Akranesi hafa yfirumsjón með ráðstöfunum á svæðinu til að hindra frekara tjón eða skaða sem kynni að verða á fólki eða umhverfi í samræmi við neyðaráætlun Norðuráls.

Vettvangsstjóri

Vettvangsstjóri fer með heildarstjórn og samhæfingu á vettvangi og er æðsti stjórnandi á vettvangi og stjórnar vettvangi í umboði lögreglustjórans á Vesturlandi. Vettvangsstjóri er fulltrúi allra starfseininga á vettvangi (lögreglu, sjúkraliðs, slökkviliðs og björgunarsveita o.s.frv.) og tryggir samhæfðar aðgerðir á vettvangi. Vettvangsstjóri eða vettvangsstjórn er tenging vettvangs við aðgerðastjórn. Æðsti yfirmaður lögreglunnar á Vesturlandi skipar vettvangsstjóra.

EFNI SEM MEÐHÖNDLUÐ ERU HJÁ NORÐURÁLI

Kragasalli	Eldhætta
Krýólít	Getur verið ertandi fyrir fólk og flokkast sem eiturefni fyrir ferskvatnslífverur
LPS gas	Eldhætta/sprengihætta
Svartolía	Eldhætta
Díselolía	Eldhætta

LEKI

Hætta á mengun á sjó og landi með neikvæðum áhrifum á lífríki og umhverfi sem og hættu á íkveikju. Lekaþrær, olúgirðingar og olíuupptökutæki eru ætluð til að lágmarka skaða.

BRUNI

Við mikinn bruna myndast oft reykur sem veldur m.a. öndunarerfiðleikum ásamt öðrum óþægindum. Slökkvikerfi, viðbrögð slökkviliðs, lekaþrær og laus froðuslökkvibúnaður er til tiltækur á staðnum.

SPRENGING

Talin er lítil hættu á sprengingu af gashylkjum eða olútönkum..

Tilkynningar Sími: 112

Ef stórslys á sér stað á starfsstöð eða komi upp atvik sem leitt geta til stórslyss í álveri Norðuráls á Grundartanga skal viðbragðsteymi álversins tilkynna atvik án tafar til Neyðarlínunnar (slökkvilið og lögregla). Að því loknu skal neyðarstjórn stýra aðgerðum innan athafnasvæðisins í samræmi við viðbragðs- og rýmingaráætlun. Lögreglu ber að tilkynna Vinnueftirliti ríkisins, Umhverfisstofnun og yfirstjórn almannavarna um slys eða yfirvofandi hættu.

Samræming

Neyðarstjórn Norðuráls á Grundartanga ber ábyrgð á samræmingu aðgerða innan starfssvæðis. Í neyðartilfellum er hún ábyrg fyrir viðbrögðum og öryggi fólks innan svæðisins í samræmi við viðbragðs- og rýmingaráætlun Norðuráls á Grundartanga. Neyðarstjórn þarf að vera í beinum samskiptum við aðgerðastjórn lögreglustjóra.

Aðgerðastjórn lögreglustjóra og neyðarstjórn álversins bera ábyrgð á samræmingu aðgerða innan og utan álverslóðarinnar. Hlutverk aðgerðastjórnar er að meta þörf fyrir aðkomu ytri viðbragðsaðila í samvinnu við neyðarstjórn Norðuráls.

Varnir starfsstöðvar

Vettvangsstjóri lögreglustjóra og neyðarstjórn sjá um fyrstu greiningu aðstæðna á vettvangi og umfang neyðarviðbragða. Komi upp neyðarástand innan álvers Norðuráls á Grundartanga fer skipulag ytri viðbragða eftir verkþáttaskipulagi almannavarna (SÁBF) um skipulag, uppsetningu og framkvæmd aðgerða á vettvangi. Lögreglustjórinn á Vesturlandi eða staðgengill hans er aðgerðastjóri þegar almannavarnaástand ríkir og skipuleggur m.a. björgunar- og hjálparstarf og stýrir neyðaraðgerðum í samvinnu við samhæfingar og stjórnstöð. Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar sér um slökkvistörf og Heilbrigðisstofnun Vesturlands (sjúkrahúsið á Akranesi) um sjúkraflutninga á starfssvæði álversins.

Varnir umhverfis

Komi upp stórslyshætta innan álvers Norðuráls á Grundartanga sem valdið getur hættu utan álverslóðarinnar ber neyðarstjórn ábyrgð á samræmingu viðbragða Norðuráls á Grundartanga og ytri viðbragðsaðila.

Ytri viðbragðsaðilar geta verið eftirfarandi:

- Lögregla
- Slökkvilið
- Hafnastjóri
- Sjúkraflutningamenn
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðisstarfsfólk
- Landhelgisgæslan
- Björgunarsveitir
- Rauðakrossdeildir
- Heilbrigðisfulltrúi
- Almannavarnanefndarfulltrúi
- Vegagerð

Upplýsingadreifing

Neyðarstjórn Norðuráls stjórnar aðgerðum innan starfssvæðis Norðuráls á Grundartanga og ber ábyrgð á því að ytri viðbragðsaðilar hafi ávallt nýjustu upplýsingar um framvindu atburða innan álverslóðarinnar. Neyðarstjórn skal strax upplýsa um hvaða efni er um að ræða og gefa upplýsingar um eiginleika efnanna og þær hættur sem þau geta valdið viðbragðsaðilum. Þær upplýsingar er að finna í öryggisskýrslu og á SDS blöðum viðkomandi efna.

Aðgerðastjóri almannavarna annast upplýsingagjöf til almennings. Nágrönnum starfsstöðvar skal tilkynnt um hættu (*í gegnum síma, tölvupóst, útvarpstilkynningu eða á annan fljótvirkan máta*) og gefnar upplýsingar og ráðleggingar um viðbrögð (*við sprengi-, eld-, efnamengunar-, eldreykshættu*).

Neyðarstjórn Norðuráls á Grundartanga er ábyrg fyrir að koma réttum upplýsingum til aðgerðastjórnar (lögreglu og slökkviliðs).